



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni tillögu:

Lagt er til að gerður verði viðauki við gildandi þjónustusamning við Ás styrktarfélag, vegna næturvaktar sem ekki var gert ráð fyrir í samningnum. Áætlaður kostnaður nemur 14,7 m.kr. á árinu 2019 og rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

### Greinargerð:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tók við þjónustu við fatlað fólk árið 2011 og þar með samningi við Ás styrktarfélag og er nú í gildi samningur til 31. desember 2020. Ás styrktarfélag er sjálfseignarstofnun með þjónustu við fólk með þroskahömlun. Samningur við Ás styrktarfélag snýr að þremur þáttum. Einn hluti samningsins kveður á um búsetu eða 40 rými í húsnæði fyrir fatlað fólk. Annar hluti samningsins snýr að vinnumiðaðri stoðþjónustu og eru rýmin nú alls 131,2. Hvert rými telur 8 klst. á dag og nýtist jafnmörgum eða fleiri einstaklingum eftir úthlutaðri lengd daglegrar viðveru hvers og eins. Þriðji hluti samningsins tekur til dagryma í sérhæfðri þjónustu við börn og eru þau rými fimm talsins.

Forsvarsmenn Áss hafa óskað eftir afturvirkri hækkun á samningnum vegna kostnaðar sem þeir telja að hafi verið vanmetinn til lengri tíma og hafa staðið yfir viðræður á milli velferðarsviðs og Áss um nokkurt skeið. Sú vinna mun nýtast inn í gerð nýs samnings sem mun taka gildi árið 2021. Velferðarsvið hefur fallist á að það sé full þörf á næturvakt í húsnæði fyrir fatlað fólk sem ekki var gert ráð fyrir og því er lagt til að gerður verði viðauki til að mæta auknum kostnaði.

Áætlaður kostnaður nemur 14,7 m.kr. á árinu 2019 og rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.